



## 56. Körfuknattleiksþing | 15. mars 2025

Pingskjal nr. 07 – reglugerð um körfuknattleiksmót 20. grein og 26. grein

### Reglugerð um körfuknattleiksmót

[...]

#### 20. grein

##### 2. DEILD KARLA

- Hálfleikur: 10 mínútur.

Deildin skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í úrvalsdeild eða 1. deild. Þeim sjö leikmönnum sem leikið hafa flestar mínútur að meðaltali fyrir A-lið hverju sinni er ekki heimil þátttaka með BU-liði. Sjö mínútuhestu leikmennirnir að meðaltali þurfa að vera núverandi leikmenn félagsins. Ekki skal telja þá leikmenn með sem sannarlega hafa skipt um félag eða eru farnir frá félagi sem hluta af þessum sjö mínútuhestu leikmönnum. Séu tveir eða fleiri leikmenn með jafn margar mínútur í 7. sæti í mfl. karla A-liða, er ekki heimilt að nota annan þeirra með BU-liði (og C-liði osfrv).

##### a) Deildarkeppni

Mótanefnd KKÍ ákveður keppnisfyrirkomulag deildarinnar hverju sinni með tilliti til fjölda þáttökuliða og getur skipt deildinni upp í A. og B. deild, verði fjöldi þáttökuliða 13 eða fleiri.

Ungmennaflokkslið karla, U-lið, leika í 2. deild karla. Þau skulu leika sem gestalið og geta ekki færst upp um deild. Þau geta borið sigur úr þytum í deildinni en keppa ekki í úrslitakeppni deildarinnar. Félög sem eiga lið í 2. deild karla er heimilt að skrá U-lið til keppni í deildina.

Mótanefnd er heimilt að veita B-liðum þáttökurétt í 2. deild karla. B-lið skulu leika sem gestalið og geta ekki færst upp um deild. Þau geta borið sigur úr þytum í deildinni en keppa ekki í úrslitakeppni deildarinnar. Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag í 2. deild eftir fjölda liða hverju sinni, þó þannig að eftir að deildarkeppni lýkur skal haldin úrslitakeppni fyrir A-lið.

[...]

Vísað til:	<input type="checkbox"/>	Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/>	Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/>	Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt:	<input type="checkbox"/>	Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/>	Felld



## 56. Körfuknattleiksþing | 15. mars 2025

Pingskjal nr. 07 – reglugerð um körfuknattleiksmót 20. grein og 26. grein

### 26. grein

#### UNGMENNAFLOKKUR KARLA

- Aldur: 19 og 20 ára.
- Leiktími: 4 x 10 mínútur.
- Hálfleikur: 5 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta.

7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Hverju liði er heimilt að tefla fram allt að þremur leikmönnum sem eru 23 ára eða yngri, sem ekki eru meðal sjö mínútuhestu leikmanna meistaraflokks karla. Aldur leikmanns miðast við áramót sbr. 14. grein.

#### a) Deildarkeppni

Í ungmennaflokki skal leikið í 2. deild karla. U-lið skulu leika sem gestalið og geta ekki færst upp um deild.

Í ungmennaflokki skal leikið í deildarkeppni heima og að heiman. Leika skal í einum riðli (deild) þegar félög eru 11 eða færri en í tveimur riðlum ef félög eru 12 eða fleiri.

Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 19 eða fleiri.

Hvert lið í ungmennaflokki skal leika 22 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða. Þó skal leitast við að klára heilar umferðir svo framartega sem leikjum fjölgar eða fækkar ekki um fleiri en 2 á lið.

#### b) Úrslitakeppni

Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag úrslitakeppni.

#### Greinargerð:

*Þessi tillaga hefur það markmið að bæta og efla keppni í 2. deild karla, og á sama tíma að gefa leikmönnum U liða tækifæri til að etja kappi við fullorðna leikmenn. Með þessari breytingu færast B lið úr 2. deild karla, en geta í staðinn tekið þátt í 3. deild karla. Þessi útfærsla er sú sama og þekkist með 1. deild kvenna og U lið.*

Snorri Örn Arnaldsson, KFG

<b>Vísað til:</b>	<input type="checkbox"/>	Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/>	Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/>	Laga- og leikreglanefndar
<b>Afgreitt:</b>	<input type="checkbox"/>	Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/>	Felld



## 56. Körfuknattleiksþing | 15. mars 2025

Þingskjal nr. 07 – reglugerð um körfuknattleiksmót 20. grein og 26. grein

<b>Vísað til:</b>	<input type="checkbox"/>	Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/>	Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/>	Laga- og leikreglnanefndar
<b>Afgreitt:</b>	<input type="checkbox"/>	Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/>	Felld